




Reykjavík, 24. mars 2026
USK26030009

Vesturlandsvegur 200 – umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. mars 2026 var lögð fram umsagnarbeiðni Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 26. febrúar 2026, vegna umsóknar Eyktar ehf. um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi og millilager á Vesturlandsvegi 200 (sjá bls. 11 í skýrslu um "grunnástand svæðis og aðgerðaráætlun" nákvæma staðsetningu á lóð við Vesturlandsveg 200). Fyrirhugað er að taka á móti menguðum úrgangi frá lóð Guðrúnartúns 4 en þar var starfrækt smurverkstæði í tugi ára. Um er að ræða olíumengaðan jarðveg skv. greiningu sýna. Sótt verður einnig um leyfi fyrir meðhöndlun úrgangs. Mengaði jarðvegurinn verður svo meðhöndlaður og mun lífrænt niðurbrotsferli brjóta niður olíumengunina á 6-24 mánuðum. Gert er ráð fyrir að magn úrgangs verði í a.m.k. 2000m³. Einnig er lögð fram skýrsla um grunnástand svæðis og aðgerðaráætlun, dags. 1. febrúar 2026. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin samræmist skipulagi.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin á já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Vesturlandsvegi 200 borgarluta 9. Kjalarnes og er hluti af efnistöku- og efnislosunarsvæði E3 – Esjuberg/Varmhólar.

Deiliskipulag/ Hverfissskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 200 við Vesturlandsveg er einbýlishús en þar eru einnig geymsla, skemmur og sand- og malarnám skv. fasteignaskrá. Húsið og lóðin við Vesturlandsveg 200 er hluti af efnistöku- og efnislosunarsvæði E3 – Esjuberg/Varmhólar.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á umsókn Eyktar ehf. um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi og millilager á Vesturlandsvegi 200. Fyrirhugað er að taka á móti menguðum úrgangi frá lóð Guðrúnartúns 4 en þar var starfrækt smurverkstæði í tugi ára. Um er að ræða olíumengaðan jarðveg skv. greiningu sýna.

Um efnistöku- og efnislosunarsvæði segir m.a. í aðalskipulagi Reykjavíkur 2040:



Reykjavík



Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómengðuð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda (gr. 6.2.g. í skipulagsreglugerð).

Efnistöku- og efnislosunarsvæði E3 – Esjuberg/Varmhólar er einnig innan Græna trefilsins skv. töflu 14.1. *Helstu efnistölkustaðir* í aðalskipulagi Reykjavíkur. Um Græna trefilinn segir m.a.:

Myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar og ósnortinna náttúrusvæða. Skógrækt innan Græna trefilsins er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta og heildarskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum.

Þá segir um efnislosun innan Græna Trefilsins:

Enn fremur er heimilt að losa tímabundið ómengaðan jarðveg innan græna trefilsins. Leitast skal við losa jarðveg á svæðum þar sem uppgræðslu er þörf og að losun valdi ekki spjöllum á svæðum með verndargildi. Landmótun og frágangur slíkra staða skal taka mið af markmiðum um nýtingu svæðisins sem útivistar- og skógræktarsvæðis.

Ljóst er að móttaka og hreinsun á olíumenguðum jarðveg á lóðinni við Vesturlandsveg 200 samræmist ekki aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Niðurstaða

- Gerðar eru skipulagslegar athugasemdir við erindið þar sem að óheimilt er að losa mengaðan jarðveg á efnistöku- og efnislosunarsvæði E3 – Esjuberg/Varmhólar skv. aðalskipulagi, sbr. umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Jarprúður Iðna Másdóttir

verkefnastjóri



Reykjavík